


✉ Re: 202111135 - Ósk um umsögn, Aðalskipulag Djúpavogshrepps

Búið til	25.7.2022 16:44:29
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	25.7.2022 16:44:26
Tilheyrir	 202206-0030 - Aðalskipulag Djúpavogshrepps.

Efni

Re: 202111135 - Ósk um umsögn, Aðalskipulag Djúpavogshrepps

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	25.7.2022 16:44:26	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	soley.valdimarsdottir@mulathing.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202206-0030 (SS).

Vísað er til tölvubréfs frá umhverfis- og framkvæmdasviðs Múlaþings, dags. 23. júní 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um vinnslutillögu fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020. Breytingarnar fela í sér stækkun á athafnasvæðinu við Innri-Gleðivík, nýja vegtengingu frá Þjóðvegi 1 að athafna- og iðnaðarsvæðinu við Innri-Gleðivík, nýja ferðamannabryggju við Djúpavog og ný fráveitumannvirki frá Innri-Gleðivík, Ytri-Gleðivík og Djúpavogi þvert yfir Langatanga og út í sjó við Bóndavörðumöl. Einnig stækkun á íbúðasvæði við Fögruhlíðakletta í framhaldi af Borgarlandi og stækkun íbúðarsvæðis við Hammersminni, ásamt lagningu sjólagna við Innri-Gleðivík.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020, þann 14. febrúar 2022. Skipulagslýsingin fjallaði þó einungis um nýja vegtengingu, breytingu á athafna- og hafnarsvæðum við Innri-Gleðivík og um fráveitumannvirki. Allfleiri breytingar á aðalskipulaginu

hafa því bæst við m.a. íbúðabyggðir á tveimur stöðum, ferðamannabryggja og sjólagirnir. Óheppilegt er að mati Náttúrufræðistofnunar að svo mörgum breytingum var bætt við án þess að ný skipulagslýsing væri auglýst.

Náttúrufræðistofnun veitti einnig umsögn til Skipulagsstofnunar þann 4. maí 2022, um matsskyldu fráveitumannvirkja við Langatanga. Í þeirri umsögn kom fram að Náttúrufræðistofnun teldi áform um bættu fráveitu í Djúpvaggi vera framfaraskref og þrátt fyrir að huga þyrfti að ýmsu varðandi framkvæmd fráveitunnar við Langatanga á Búlandsnesi, væri framkvæmdin ekki þess eðlis að þörf væri á fullu umhverfismati.

Vísað er í efnisatriði fyrri umsagna Náttúrufræðistofnunar í þessari umsögn eins og við á.

Óheppilegt er að ekki er sýnt mjög skýrt á aðalskipulagsuppdraettinum uppbygging fráveitumannvirkja við Langatanga á Búlandsnesi. Sérstaklega hefði mátt sýna legu aðkomuvegar og tengingu við aðra vegi á þéttbýlisuppdraetti. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsskyldu framkvæmdar við hreinsistöðina var m.a. bent á mikilvægi þess að aðkomuvegurinn myndi sneiða hjá votlendi og hlífa eins og hægt er verðmætum vistgerðum og búsvæðum fugla.

Í umsögninni um skipulagslýsinguna kom fram að umfjöllun um náttúrufar svæðisins væri frekar ábótavant. Bætt hefur verið úr því í deiliskipulagstillögunni fyrir hluta svæðisins t.d. Búlandsnes þar sem áform um fráveitumannvirki eru og um svæði þar sem vegtenging verður staðsett. Hins vegar hefði mátt gera betur grein fyrir gróðurfari á öðrum svæðum sem til umfjöllunar eru t.d. við Fögruhlíðarkletta og Hammersminni. Einnig er ekki fjallað um lífríki grunnsjávarsvæða sem gæti orðið fyrir áhrifum af fráveitu- og sjólagnaframkvæmdum og byggingu ferðamannabryggju.

Óheppilegt er að mati Náttúrufræðistofnunar að ekki sé hægt að hlífa votlendi sem fellur undir sérstaka verndun skv. 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013 við skipulag nýrrar vegtengingar inn í þéttbýlið. Skoða ætti mótvægisáðgerðir svo sem endurheimt votlendis annars staðar í nágrenninu.

Vísað er í umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsskyldu fráveitumannvirkis við Langatanga á Búlandsnesi varðandi ábendingar um atriði sem huga þarf að við framkvæmd þess.

Náttúrufræðistofnun tekur undir niðurstöðu umhverfismatsins fyrir flestar skipulagsbreytingarnar nema að stofnunin telur full djúpt í árinna að meta uppbyggingu athafnasvæðis og íbúðabyggðar við Fögruhlíðarkletta með engin áhrif á gróður og dýralíf. Óveruleg áhrif hlýtur að vera réttara mat því allri uppbyggingu fylgir rask sem getur haft einhver minniháttar en neikvæð áhrif á lífríki.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna en áskilur sér rétt að frekari ábendingum á síðari skipulagsstigum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Sóley Valdimarsdóttir" <soley.valdimarsdottir@mulathing.is>
To: "Heilbrigðiseftirlit Austurlands" <haust@haust.is>; "Þuríður Elísa Harðardóttir" <thuridur@minjastofnun.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Aðalsteinn Þórhallsson" <ath@hef.is>; "Thorsteinn" <tbr@hef.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "Upplýsingar - Ferðamálastofa" <upplýsingar@ferdamalastofa.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>
CC:
Subject: 202111135 - Ósk um umsögn, Aðalskipulag Djúpavogshrepps
Date: 23.6.2022 10:27:13

Góðan daginn,

Í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með óskað eftir umsögn við vinnslutillögu fyrirhugaðra breytinga á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008-2020 vegna nýrrar veltengingar, veitna og breytinga á íbúða- og atvinnusvæðum.

Greinagerð og uppdráttur eru í viðhengi.

Umsagnir óskast sendar á netfangið skipulagsfulltrui@mulathing.is (mailto:skipulagsfulltrui@mulathing.is) fyrir **28. júlí 2022**

Bestu kveðjur,

Sóley Valdimarsdóttir

Ritari á umhverfis- og framkvæmdasviði

Sveitarfélagið Múlaþing

(354) 4 700 748

soley.valdimarsdottir@mulathing.is

(mailto:soley.valdimarsdottir@mulathing.is)

www.mulathing.is

(http://www.mulathing.is/)

Skilmálar varðandi tölvupósti

(https://eur03.safelinks.protection.outlook.com/?

url=https%3A%2F%2Fwww.mulathing.is%2Fis%2Fmoya%2Fpage%2Fskilmalar-vardandi-tolvupost&data=04%7C01%7Csoley.valdimarsdottir%40mulathing.is%7C8f5372b93ec54915442108d9d73e199c%7C556ee80a0b7a4238a9e85101272737b2%7C1%7C0%7C637777484033605395%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoIMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Ikk1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=vqxDbfZRcDt3U1QYokvqOimsvPQnwLEB%2FEfd5h1k71k%3D&reserved=0)

Viðhengi

image001.png (5 KB)